



Gísli Björnsson, Harpa Björnsdóttir, Kristín Björnsdóttir
og Ragnar Smárason

Skærulist í þágu jafnréttis?

Framlag karla með þroskahömlun til jafnréttisstarfa

► Um höfunda ► Efnisorð

Á undanförunum misserum hafa orðið breytingar í umræðunni um jafnrétti þar sem áhersla er lögð á jafnrétti allra í stað þess að beina sjónum fyrst og fremst að jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur fatlað fólk, og þá sérstaklega fólk með þroskahömlun, áfram verið jaðarsett í íslenskri jafnréttis- og hagsmunabaráttu. Þar sem konur með þroskahömlun hafa verið meira áberandi í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks er mikilvægt að beina sjónum að því hvernig hægt er að virkja karla með þroskahömlun til vitundar um jafnréttismál og þátttöku í jafnréttisstarfi. Í greininni verður fjallað um aðgerðir tveggja karla með þroskahömlun í þágu jafnréttis sem fóru fram í miðbæ Reykjavíkur sumarið 2016. Aðgerðirnar voru liður í verkefninu *Jafnrétti fyrir alla* sem styrkt var af Jafnréttissjóði og Rannsóknasjóði HÍ og hafði það að markmiði að skoða viðhorf karla með þroskahömlun til jafnréttismála og leita leiða til að virkja þá til þátttöku í jafnréttisstarfi. Aðgerðirnar voru í anda skærulistar (e. *guerrilla art*) sem sköpuð er í leyfisleysi þegar enginn sér til og felur í sér ádeilu á ríkjandi menningu og samfélagsskipan. Tilgangurinn er að vekja almenning til vitundar um samfélagsleg málefni. Í greininni er aðgerðunum lýst og hvernig þátttakendur sköpuðu sér rými í miðbænum þar sem þeir höfðu skilgreiningarvaldið og trufluðu gangandi vegfarendur sem stöldruðu við til að skoða veggspjöld, lásu falin skilaboð eða skrifuðu í ferðadagbækur. Aðgerðirnar voru liður í samvinnurannsókn þar sem karlar með þroskahömlun og ófatlaður háskólakennari unnu náið saman og allir aðilar voru virkir þátttakendur í rannsóknarferlinu. Samvinnurannsóknnum er ætlað að vera valdeflandi og gefa fólki með þroskahömlun tækifæri til að hafa áhrif á það hvernig fjallað er um líf þess og reynslu. Það takmarkar hins vegar valdið að hafa ekki raunverulegan aðgang að fræðasamfélaginu. Ráðstefnur eru gjarnan haldnar í óaðgengilegu húsnæði, ráðstefnugjöldin eru há og fyrirlesarar nota óþarflega mörg og flókin orð, og hið sama á við um nefndarstörf. Það er því mikilvægt að leita annarra og óhefðbundinna leiða til að gera sig gildandi innan fræðasamfélagsins og jafnréttisbaráttunnar, en skærulistin var einmitt liður í því.

► About the authors ► Key words

Guerrilla art and the quest for equality: The contribution of men with intellectual disabilities to equality work.

People with intellectual disabilities have been marginalized within the disability movement and not had access to ideas on gender equality or equality work (Björnsdóttir and Traustadóttir, 2010). This has led to an overemphasis on traditional gender roles within the special education and support systems where gender/sexuality has been normalized in the lives of people with intellectual disabilities (Björnsdóttir, Stefánsdóttir and Stefánsdóttir, 2017). It has been recognized that disabled women

are subject to multiple discrimination and are at greater risk of violence and abuse than non-disabled women or men (Snæfríðar- and Gunnarsdóttir, and Traustadóttir, 2015). Consequently, there has been more focus on the lived experiences of disabled women within the academic fields of disability studies and gender studies than on the lives of disabled men. However, research suggests that men with intellectual disabilities are denied opportunities equal to others to develop their gender and sexual identities and are often considered to be asexual eternal children or sexual predators who need to be managed and controlled (Björnsdóttir, Stefánsdóttir and Stefánsdóttir, 2017). In January 2016, two men with intellectual disabilities were hired by the University of Iceland's School of Education to work on a research project which aims to explore the access of men with intellectual disabilities to ideas on gender equality and equality work. This article discusses the actions of two men with intellectual disabilities who performed guerrilla art, in downtown Reykjavík, in the summer of 2016, in their quest for equality. Guerrilla art is created anonymously, performed without permission and critiques the dominant culture and social order. The purpose is to raise public awareness about various social issues. The article describes the actions and explains how the men are both contributing to equality work and disability activism. In recent years equality work in Iceland has expanded from a strict focus on gender equality to broader notions of diversity and human rights (Þorvaldsdóttir, 2014). The guerrilla project was initially focused on gender equality but developed into a broader notion of equality where disability, gender, and other categories of oppression intersect. The men are, therefore, not in the role of self-advocates per se, but rather as activists demanding equality for all. The article describes how the men carved out space in Reykjavík's city centre for their activism where they had the power to define intellectual disabilities in relation to equality. Their presence and their actions in the city centre were disrupting; pedestrians stopped and looked at their posters, read hidden messages in library books, wrote their thoughts in travel journals and shared their experience on social media. The French philosopher Michel De Certeau (1984) distinguishes between place and space. The dominant social groups strategically organize places of order and stability. An example of a place is the University of Iceland, the campus with buildings, offices, classrooms and laboratories, departments and programs managed by the staff, laws and regulations. Strict rules state who have access to university life, academics and activities. Another example of a place is downtown Reykjavik where the guerrilla art was performed. There are buildings, streets, sidewalks and walkways and we are supposed to walk along the sidewalks and cross streets on walkways. De Certeau (1984) called it "tactic" when people would use the place wrongly, for example by walking on the street. The guerrilla art was their tactic and the men used it to carve out space where they had the power to disrupt the existing social order. They are disrupting by asking pedestrians to stop and reflect on their society. Who are welcome? Who have access? What is equality? The disruption transformed the place into a space for equality work. The guerrilla art project is part of an ongoing inclusive research where men labelled as having intellectual disabilities collaborate on research with a non-disabled university teacher. In inclusive research, people with intellectual disabilities are not viewed as passive research subjects and they have opportunities to participate in the research process and often take on valued social roles as co-researchers. Inclusive research is supposed to be empowering for people with intellectual disabilities since they get an opportunity to contribute on the discussion of disability and acquire control over how people with intellectual disabilities are presented in research (Walmsley and Johnson (2003). However, barriers to full inclusion to academia, the place of research, are oppressive. Conferences are often held in inaccessible buildings, conference fees are expensive and speakers commonly use an excessive number of complex words and the same applies to committee meetings. It is, therefore, important to look for other non-traditional ways to make their presence felt within academia, and the guerrilla art event was part of that. By collaborating on this academic article we are also carving space within academia where people with intellectual disabilities are recognized for their contribution to the generation of knowledge about equality and disability. However, we also fear that this article has reduced the empowering

experience of creating guerrilla art to something different, a traditional academic construction which is consequently inaccessible to most people with intellectual disabilities. We have been funded by research funds and are obligated to produce our research outcomes and hopefully we are also disrupting academia by sharing this collaborative knowledge production.

Inngangur

Á haustmánuðum 2016 fullgilti Alþingi Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007), en það kallar á laga- og reglugerðabreytingar sem eiga að tryggja fötluðu fólki mannréttindi til fulls og jafns við aðra með breyttri stjórnsýslu, framkvæmd og þjónustu. Í fimmtu grein samningsins er sérstaklega kveðið á um jafnrétti og bann við mismunun auk þess sem jafnrétti kynjanna er ein af meginreglum samningsins. Í samningnum er sjónum beint að stöðu fatlaðra kvenna og þar viðurkennt að fatlaðar konur og stúlkur séu „þolendur fjölþættrar mismununar og [aðildarríkin] skulu gera ráðstafanir til að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra“ (6. gr.). Vegna stöðu fatlaðra kvenna og vegna þess misréttis sem konur almennt hafa mátt þola í kynjakerfi samfélagsins hafa þær verið meira áberandi en karlar í umræðunni um jafnréttismál. Kynjakerfi er félagslegt kerfi og venjur sem byggjast á kerfisbundinni undirskipun kvenna og yfirræðum eða forréttindum karla (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Ef stuðla á að jafnrétti kynjanna með því að brjóta niður kynjakerfið þarf að leggja aukna áherslu á hlutdeild karla í jafnréttisstarfi (Velferðarráðuneytið, 2013) og þar á meðal karla með þroskahömlun, en fólk með þroskahömlun hefur verið jaðarsett í íslenskri jafnréttis- og hagsmunabaráttu (Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson, 2015).

Verkefnið sem hér er greint frá er byggt á eigindlegri rannsókn sem hófst í janúar 2016 þar sem skoðaðar eru hugmyndir karla með þroskahömlun um jafnrétti og hlutverkaskiptingu kynjanna, ásamt því að upplýsingum um aðgengi þeirra að jafnréttisstarfi er safnað. Einnig er sjónum beint að því hvernig hægt er á árangursríkan hátt að auka þekkingu þeirra á jafnrétti og virkja þá til þátttöku í jafnréttisstarfi. Rannsóknin telst til svonefndra samvinnurannsókna, sem byggjast á nánú samstarfi fólks með þroskahömlun og fræðimanna sem ekki eru með þroskahömlun þar sem aðilar úr báðum hópum taka virkan þátt í rannsóknarferlinu (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2010; Walmsley og Johnson, 2003). Tveir karlar með þroskahömlun, Gísli Björnsson og Ragnar Smáráson, voru í ársbyrjun 2016 ráðnir af Menntavísindasviði Háskóla Íslands til að vinna við rannsóknina sem meðrannsakendur og eru formlega meðlimir rannsóknarteymisins ásamt Kristínu Björnsdóttur, dósent við sviðið. Þeir taka þátt í öllu rannsóknarferlinu og þar sem þeir eru meðrannsakendur koma þeir fram undir nafni, líkt og Kristín, og taka þátt í kynningum og skrifum. Eiríkur Karl Ólafsson Smith, réttindagæslumaður fatlaðs fólks, Harpa Björnsdóttir vöruhönnuður og Hrafnhildur Jóhannesdóttir frumkvöðlafræðingur hafa einnig veitt teyminu mikilvægan stuðning í formi gagnasöfnunar, kynninga og ýmissa aðgerða sem miða að aukinni vitundarvakningu um jafnrétti.

Gildi samvinnurannsókna felst í framlagi fólks með þroskahömlun til rannsóknarferlisins, en þegar sjónum er beint að hugmyndum karlanna sjálfra er hægt að afla upplýsinga sem nýtast við skipulag jafnréttisstarfs og byggjast á þeirra óskum og þörfum. Í upphafi rannsóknarferlisins var ákveðið að reyna mismunandi aðferðir sem gætu verið árangursríkar til að virkja karla með þroskahömlun til þátttöku í jafnréttisstarfi. Greinin fjallar um aðgerðir Gísla og Ragnars sem þeir skipulögðu og framkvæmdu, í samvinnu við Hörpu Björnsdóttur, í formi skærulistar sem sköpuð er án leyfis í opinberu rými. Tilgangur listsköpunarinnar var tvíþættur. Annars vegar að vekja almenning til vakningar um jafnréttismál og hins vegar að athuga hvort og hvernig fólk með þroskahömlun geti nýtt sér aðferðir skærulistar í jafnréttisbaráttu sinni.

Greinin er skrifuð með þeim hætti að Kristín skrifaði fræðilega hluta greinarinnar, las þá með Gísla og Ragnari og útskýrði og gerði breytingar þannig að öll væru sátt við niðurstöðurnar. Gísli, Harpa og Ragnar skrifuðu í sameiningu lýsingu á sumarstarfinu en Kristín bar ábyrgð á umræðukaflanum sem fjallar um framlag verkefnisins til jafnréttisstarfs og fræðasamfélagsins. Lokaorðin voru skrifuð í sameiningu af öllum höfundum greinarinnar.

Bakgrunnur verkefnisins

Fáar rannsóknir innan fötlunar- og kynjafræða hafa beinst sérstaklega að körlum með þroskahömlun, hugmyndum þeirra og reynslu. Eins og fram hefur komið, þá eru fatlaðar konur í sérstakri hættu á ofbeldi og misnotkun en hafa einnig haft takmarkaðri aðgang að menntakerfi og vinnumarkaði en karlar og ófatlaðar konur (Brownridge, 2009; Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2015). Líklega hefur það orðið til þess að sjónum hefur í meiri mæli verið beint að fötluðum konum en körlum, sérstaklega þegar fjallað er um kyngervi eða kynverund. Hins vegar sýna niðurstöður rannsókna að karlar með þroskahömlun búa gjarnan við erfiðar aðstæður og að ekki sé borin virðing fyrir kynverund þeirra, lítið sé á þá sem kynlaus „börn að eilífu“ eða með óhemjandi kynhvöt og þeir vanmetnir í hlutverki sjálfráða fullorðinna karla (Kristín Björnsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir, 2017).

Svo virðist sem fólk með þroskahömlun gangi gjarnan inn í hefðbundin kynhlutverk og reiði sig á kynjaðar staðalímyndir þegar það reynir að fóta sig í fullorðinshlutverkum (Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010). Aðgreining kynjanna á skólagöngu fólks með þroskahömlun, þar sem karlar læra til hefðbundinna karlastarfa og konur kvennaverka, er meðal þeirra þátta sem líklega hafa áhrif á hugmyndir fólks með þroskahömlun um kyngervi og kynhlutverk (Kristín Björnsdóttir, 2014). Niðurstöður rannsókna benda einnig til þess að hugmyndir um ríkjandi karlmennsku geti haft mótandi áhrif á karla með þroskahömlun líkt og aðra karla (Kristín Björnsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir, 2017). Ríkjandi karlmennska er síbreytileg en um er að ræða athafnir og hugmyndir sem styrkja stöðu karla gagnvart konum og öðrum körlum (Connell, 1995; Connell og Messerschmidt, 2005). Fáir karlmenn uppfylla í reynd hugmyndir um ríkjandi karlmennsku, enda má segja að þær byggist á ýktum staðalímyndum kynjanna (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Hugmyndir um ríkjandi karlmennsku byggjast ekki síst á þeirri ímynd um konur að þær séu fremur en karlar veikburða og tilfinninganæmar (Ortner, 1974). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) heldur því fram að ríkjandi karlmennskuhugmyndir séu skaðlegar körlum þar sem í þeim felist réttlætning á kynbundinni valdbeitingu og undirskipan kvenna. Hugmyndir Connell (1995) um ríkjandi karlmennsku hafa verið gagnrýndar fyrir að takmarkast við eina og ýkta tegund af karlmennsku því í raun sé um breytilega og aðstæðubundna hugsmíð að ræða, þ.e. karlmennska sé mismunandi eftir tímabilum og samfélögum (Connell og Messerschmidt, 2005). Jón Ingvar Kjarran (2015) heldur því fram að ríkjandi karlmennska í íslensku samfélagi sé gagnkynhneigð og mótuð, í sögulegu samhengi, af hugmyndum eins og sjálfstæði, styrk, dugnaði og útsjónarsemi, rökhyggju og staðfestu. Fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið með körlum með þroskahömlun sýna að þeir eiga almennt erfitt með að uppfylla þessar hugmyndir (Kristín Björnsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir, 2017; Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2009; Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010) og þar af leiðandi er vert að skoða nánar hugmyndir þessa hóps um jafnrétti og hlutverkaskiptingu kynjanna og hvort karlarnir hafi aðgang til jafns við aðra að formlegu og óformlegu jafnréttisstarfi.

Hagsmunabarátta fólks með þroskahömlun

Fólk með þroskahömlun skortir oft og tíðum völd yfir eigin lífi og hefur rödd þess fengið takmarkað rými í rannsóknum og hagsmunabaráttu. Það er ekki fyrr en í seinni tíð að fólk með þroskahömlun hefur fengið viðurkenningu fyrir sitt framlag til umræðunnar um fötlun. Ein leið til að láta rödd sína heyrast er þátttaka í formlegri hagsmunabaráttu, þ.e. að tala sjálf fyrir réttindum sínum í stað þess að treysta á ófatlaða sérfræðinga (Walmsley, 2002). Formleg hagsmunabarátta fólks með þroskahömlun fer um tuttugu árum seinna af stað hérlendis en í nágrannalöndunum. Átak, félag fólks með þroskahömlun, var stofnað árið 1993 og er eitt af aðildarfélögum Landssamtakanna Þroskahjálpar um leið og það er líka dótturfélag samtakanna (Átak, e.d.). Blað var brotið í sögu félagsins vorið 2017 þegar Snæbjörn Áki Friðriksson var kosinn nýr formaður, en hann er fyrsti karlinn sem gegnir því hlutverki.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að þátttaka í hagsmunastarfi geti verið gagnleg og veitt fólk með þroskahömlun aukið sjálfstraust til að segja sína skoðun og taka ákvarðanir um eigið líf (Aspis, 1997; Kristín Björnsdóttir, 2009; Goodley, 2000). Átak, félag fólks með þroskahömlun, hefur tekið upp slagorðið „ekkert um okkur, án okkar“ (Átak, e.d.). Erfitt er að rekja uppruna slagorðsins, en fatlað fólk um heim allan hefur notað það í hagsmunabaráttunni í áratugi (Charlton, 2000). Þó að hagsmunasamtök fólks með þroskahömlun hafi þann tilgang að fólk með þroskahömlun berjist

sjálft fyrir réttindum sínum, þá er algengt að þau ráði til sín ófatlað aðstoðarfólk (Goodley, 2000; Kristín Björnsdóttir, 2009). Slík samþök vinna oft í samstarfi við þjónustuaðila og það kemur fyrir að þau taki þátt í að meta gæði þjónustunnar eða veita upplýsingar um óskir þeirra sem þiggja hana. Átak, félag fólks með þroskahömlun, tekur þannig þátt í ýmsum verkefnum og nefndum er snúa að fötluðu fólki, eins og til dæmis starfshópi á vegum Velferðaráðuneytisins um orlofsmál fatlaðs fólks og nefnd um endurskoðun á námi í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, auk þess að eiga fulltrúa í stjórnum Landssamtakanna Þroskahjálpar og Listar án landamæra. Með þessu hefur félagið sýnt fram á mikilvægi framlags fólks með þroskahömlun til umræðunnar um málefni fatlaðs fólks.

Hægt er að lýsa formlegri hagsmunabaráttu fólks með þroskahömlun sem félagslegri stjórnlist (e. *social strategies*) sem notuð er til að bæta stöðu einstaklinga eða hópa í samfélaginu. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar á félagslegri þátttöku fólks með þroskahömlun sýna að í hagsmunabaráttunni notar það hugmyndir um félagslega inngildingu (e. *social inclusion*) og mannréttindi í baráttu sinni fyrir félagslegu jafnrétti (Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010). Það hafnar ríkjandi orðræðu um fötlun þar sem lögð er áhersla á skort eða takmarkanir sem þarf að lækna, laga eða þjálfa en vill sýna fram á færni sína og hvernig það sjálft er sérfræðingar eigin lífs og tilveru (Kristín Björnsdóttir og Aileen S. Svendsdóttir, 2008). Með þátttöku í hagsmunabaráttunni hefur fólk með þroskahömlun skapað sér rými þar sem það leiðir orðræðunni um þroskahömlun í stað þess að treysta á skilgreiningar sem eru byggðar á takmörkunum og þeirri eðlishyggju að skerðingar hljóti að vera hamlandi, takmarkandi og neikvæðar (Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010). Margar leiðir eru til að gera sig gildandi. Einstaklingar og samtök hafa gripið til ýmissa óhefðbundinna aðgerða í því skyni, og er skærulist ein þeirra.

Skærulist og réttindi fatlaðs fólks

Skærulist (e. *guerrilla art*) er list sem sköpuð er í leyfisleysi í skjóli nætur eða þegar enginn sér til. Graffað er á vegg, skriðdreki hulinn bleiku barnateppi eða blóm gróðursett á ólíklegum stöðum eða hvað annað sem listamaðurinn dettur í hug að skapa og skilja eftir á víðavangi. Listamaðurinn Banksy er einn frægasti skærulistamaður samtímans, enginn veit hver hann er en margir þekkja verkin hans. Með skærulist deilir listamaðurinn sýni sinni og skoðunum með samfélaginu, enda felst oft og tíðum í henni ádeila á ríkjandi menningu og samfélagsskipan. Tilgangurinn er að vekja almenning til vitundar um samfélagsleg málefni. Oftast veit enginn hver var að verki, ekkert leyfi var fengið og listamennirnir eru jafnvel sakaðir um skemmdarverk (Harris, 2011). Skærulist snýst þannig fyrst og fremst um skilaboð eða ádeilu en ekki afurðina sjálfa eða listrænt gildi hennar. Á mynd 1 má sjá skriðdreka hulinn bleiku teppi sem þrjónað er úr 4000 bleikum bútum. Teppið var lagt yfir skriðdreka úr seinni heimsstyrjöldinni í mótmælaskyni við þátttöku Dana í stríðinu í Írak. Vitað er hver var þarna að verki en ekki var fengið leyfi fyrir þessari aðgerð og flokkast hún því undir skærulist (Jørgenson, 2006).



Mynd 1. Garnárasin Tank blanket í Kaupmannahöfn

Þar sem skærulist er ádeila á ríkjandi menningu og samfélagsskipan, þá hefur þessi aðferð verið notuð í baráttunni fyrir réttindum fatlaðs fólks. Sem dæmi má nefna bandarísku listakonuna, hönnuðinn og háskólakennarann Söru Hendren sem hefur sérhæft sig í listsköpun og hönnun sem tengist hjálpartækjum (e. *adaptive/assistive technology*), stoðtækjum (e. *prosthetics*), inngildri hönnun (e. *inclusive design*) og aðgengilegum arkitektúr (Abler, e.d.). Eitt af verkefnum sem hún leiðir er *The Accessible Icon Project* sem hún kallar hönnunarakrívisma (e. *design activism*) og er samstarfsverkefni fatlaðs og ófatlaðs fólks í Massachusetts í Bandaríkjunum. Hendren tók þátt í hönnun nýs aðgengismerkis og var tilgangurinn að stuðla að betra aðgengi fyrir fatlað fólk í borgarumhverfinu. Á mynd 2 má sjá hefðbundna merkið og hið nýja, þ.e. alþjóðlega merkið, sem flestir þekkja, og hins vegar merki sem búið er að breyta og sýnir hjólastólanotanda á ferð. Hugmyndin með nýja merkinu er að hanna tákn fyrir lifandi manneskju sem er á hreyfingu í tíma og rúmi (*The Accessible Icon Project*, e.d.a.).



Mynd 2. Vinstra merkið er alþjóðlega aðgengismerkið sem var hannað á sjöunda áratug síðustu aldar af Susanne Koefoed. Hægra merkið er nýtt merki sem sýnir notanda hjólastóls á hreyfingu.

Upphaflega var verkefnið skilgreint sem skærulist því að nýja merkið var prentað á glæran bakgrunn svo hægt væri að líma það ofan á það gamla, og við samrunann umbreytist alþjóðlega merkið í nýtt (*The Accessible Icon Project*, e.d.b.). Nýtt merki ofan á því gamla er ádeila í formi samanburðar þar sem gamlar og staðnaðar hugmyndir híma í bakgrunni. Á mynd tvö sést hvernig nýja merkið hefur verið límt á skilti með alþjóðlega aðgengismerkinu sem merkti bílastæði fyrir fatlað fólk.

Hópurinn límdi nýja merkið víðsvegar um Boston, en Hendren heldur því fram að samruni hins gamla og nýja hafi haft meiri áhrif en ef reynt hefði verið að sannfæra borgaryfirvöld um að tími væri kominn til að endurskoða þessar merkingar. Nýja merkið ofan á hinu gamla vakti athygli og skapaði umræðu um fötlun, arkitektúr og borgarumhverfi almennt. Um leið og aðgerðin vakti athygli vöknudu síðan spurningar um hverjir hefðu raunverulega aðgang að byggingum borgarinnar, menntun og borgaralegum réttindum (*The Accessible Icon Project*, e.d.b.).

Afleiðingar skærulistar Hendren urðu þær að nýja merkið var notað í auknum mæli til að merkja aðgengi, bæði við opinberar byggingar og byggingar í einkaeigu. Verkefnið þróaðist þannig úr skærulist yfir í félagslega hönnun (e. *social design*) sem er byggð á þeirri hugmynd að hönnuðir beri ábyrgð gagnvart samfélaginu, þ.e. að þeir staldri við og spyrji sig hver geti notað það sem þeir hanna og hvernig hönnunin sjálf geti knúið fram samfélagslegar breytingar (Smit, 2013). Hægt er að kaupa límmiða, sniðmát og merki á heimasíðu *The Accessible Icon Project*, en hópurinn hefur verið í margvíslegu samstarfi við einstaklinga og hagsmunafélög um bætt aðgengi og sýnileika fatlaðs fólks í samfélaginu. Einnig hefur MoMA í New York bætt merkinu í hönnunarsafn sitt og Öryrkjabandalag Íslands notað það til að merkja bílastæði í nýjum höfuðstöðvum sínum við Sigtún í Reykjavík (sjá mynd 3).



Mynd 3. Bílastæði ÖBÍ. Mynd úr einkasafni.

Mörkin milli skapandi hagsmunabaráttu eins og lýst er hér að framan og fötlunarlistar (e. *disability arts*) eru óljós en auðveldlega má færa rök fyrir því að fötlunarlist geti fallið undir hagsmunabaráttu fatlaðs fólks. Þó að fötlunarlist hafi lítið verið til umræðu hér á landi, þá hafa ýmsir fatlaðir listamenn beitt þeirri hugmyndafræði í verkum sínum. Samkvæmt skilgreiningu Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur og Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur (2013) er fötlunarlist „listsköpun fatlaðs fólks sem endurspeglar reynslu þess af fötlun“ (bls. 305). Um er að ræða pólitíska ádeilu á umhverfið og útskýfun fatlaðs fólks frá þátttöku í samfélaginu. Fötlunarlistamenn nota ýmsa miðla, eins og myndlist, ljósmyndun, skapandi skrif, leiklist og gjörningalist. Sem dæmi um íslenska fötlunarlist er gjörningur Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur, *Hvað er eiginlega að þessari Hörpu?* Á kvenréttindadaginn 19. júní 2012 fór Kolbrún, sem notar hjólastól, í glænýtt tónlistar- og ráðstefnuhús Hörpu í þeim tilgangi að vekja athygli á aðgengi fyrir fatlað fólk. Hún skrifaði með rauðum varalit skilaboð á spegla á salernum sem voru sérstaklega merkt sem aðgengileg fyrir hjólastólanotendur. Þannig vakti hún athygli á því að hún gat ekki speglað sig eða varalitað þar sem speglarnir voru allt of háir fyrir fólk sem notar hjólastól (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 2013). Mynd 4 er birt með góðfúslegu leyfi Kolbrúnar, en þar sést hún skrifa á spegil í Hörpu „OMG! Lánið mér aðgengilegan stiga svo ég geti Speglað mig hérna“ (Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 2012).



Mynd 4. Ljósmyndagjörningurinn „Hvað er að þessari Hörpu?“ eftir Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur.

Ekki kenna allir fatlaðir listamenn verk sín við fötlunarlist og á meðan sumir hafa það að aðalmarkmiði að skapa list eru aðrir sem tengja ádeilu listsköpun sinni án þess þó að skilgreina hana sem fötlunarlist (Eiríkur Þorláksson, 2013; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 2013; Margrét M. Norðdahl, 2014). Sumir listamenn forðast markvisst fötlunarlistarskilgreininguna og sækjast eftir viðurkenningu fyrir list sína óháð reynslu sinni af fötlun (Eiríkur Þorláksson, 2013). Þau sem hafa fengið tækifæri til náms og gengið hefðbundna listskólagöngu og útskrifast úr „viðurkenndum“ listaskólum hafa frekar fengið viðurkenningu en sá hópur fatlaðra listamanna sem ekki hefur greiðan aðgang að skólakerfinu. Hér er átt við fólk með þroskahömlun, en Margrét M. Norðdahl (2014) kemst að þeirri niðurstöðu í meistaraþrófsritgerð sinni frá Listaháskóla Íslands að „kröfur um nám og faglega reynslu eru þeir augljósu þroskuldar sem sýningarsalir, liststofnanir og fagfélag myndlistarmanna setja upp“ (bls. 73). Listahátíðin List án landamæra, sem hefur verið haldin árlega frá árinu 2003, hefur reynst vera mikilvægur vettvangur fyrir listamenn með þroskahömlun. Hún hefur það að markmiði að koma listsköpun fatlaðs fólks á framfæri og stuðla að samstarfi fatlaðra og ófatlaðra listamanna (Eiríkur Þorláksson, 2013; Margrét M. Norðdahl, 2014).

Verkefni Söru Hendren byggja flest á nánu samstarfi fatlaðs og ófatlaðs fólks, en þar sem hún er sjálf ófötluð getur listsköpun hennar ekki talist vera fötlunarlist. Hins vegar notfærir hún sér forréttindastöðu sína í velmetnu hlutverki innan fræða, hönnunar og listsamfélags til vitundarvakningar. Hún lítur á verk sín og samstarfsfólks sem lið í hagsmunabaráttu fyrir réttindum fatlaðs fólks og vill vekja samfélagið til vitundar um aðgengi og samfélagslega þátttöku (Smit, 2013).

Skærulist í þágu jafnréttis

Verkefnið *Jafnrétti fyrir alla* hófst formlega í janúar 2016 og hefur rannsóknarteymið tekið þátt í fjölmörgum ráðstefnum innanlands og utan, NERA 2016 í Finnlandi, fötlunarfræðiráðstefnu í Lancaster í Englandi, ráðstefnu Félags um fötlunarrannsóknir og Þjóðarspejils 2016 og Menntakviku 2016 og 2017, svo dæmi séu nefnd. Gísli og Ragnar voru yfirleitt einu þátttakendurnir með þroskahömlun og þó að um ánægjulega og lærdómsríka reynslu sé að ræða, þá er það niðurstaða okkar að ráðstefnur séu almennt ekki aðgengilegar fyrir fatlað fólk. Við höfum haldið fyrirlestra í óaðgengilegu húsnæði og þurft að greiða háar upphæðir fyrir ráðstefnugjöld en einnig fer mikill tími á ráðstefnum í fyrirlestrahald þar sem notuð eru óþarflega mörg og flókin orð. Við höfum þar af leiðandi haft takmarkaðan aðgang að þeirri þekkingu sem aðrir fyrirlesarar miðla og ekki náð til þeirra [fólks með þroskahömlun] sem við viljum að njóti góðs af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Frá því að rannsóknarverkefnið hófst hafa Gísli, Kristín og Ragnar setið marga undirbúnings- og nefndarfundir sem eru, líkt og ráðstefnurnar, oft langdregnir og mikið er talað og jafnvel margir í einu. Þannig varð okkur það ljóst að við þyrftum að finna aðrar leiðir sem gætu stuðlað að þátttöku í hagsmuna- og jafnréttisstarfi og stofnuðum í þeim tilgangi Facebook-síðu verkefnisins (fb.me/jafnrettifyriralla). Reyndar er það niðurstaða okkar að Facebook sé ekki vel aðgengileg þeim sem eru til dæmis lesblindir, og höfum við reynt að vanda okkur þannig að textinn sem við skrifum sé auðskiljanlegur. Einnig höfum við tekið eftir því að jafnréttismál vekja ekki mikinn áhuga á Facebook. Máli okkar til stuðnings má benda á að þegar við settum inn færslu um mikilvægi mannréttindasáttmála, þá fengum við jákvæð viðbrögð (e. *like*) frá þremur fylgjendum síðunnar en 60 jákvæð viðbrögð við mynd af Gísla og Ragnari á árshátíð HÍ. Reyndar virðist algóritmi Facebook ákveða hvað notendur sjá í fréttaveitunni (e. *Newsfeed*), velja þær færslur sem notandinn er líklegastur til að bregðast við (Birgir Þór Harðarson, 2017), og virðast fylgjendur okkar hafa sérstakan áhuga á árshátíðum.

Í þeim tilgangi að prófa leiðir til árangursríkrar þátttöku í jafnréttisbaráttu fengum við Hörpu Björnsdóttur vöruhönnuð til liðs við okkur og sköpuðum skærulist í Reykjavík yfir sumarmánuðina 2016. Hér á eftir verður aðgerðunum lýst, en um var að ræða falin skilaboð á bókasafni, ferðadagbækur og veggspjöld.

Falin skilaboð

Fyrsta aðgerðin var falin skilaboð sem Gísli og Ragnar settu inn í bækur á Borgarbókasafni Reykjavíkur. Þeir bjuggu til hvít póstkort með skilaboðum rituðum með svörtu letri. Skilaboðin eru byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008). Á póstkortunum stóð eftirfarandi:

- Höldum áfram að berjast fyrir jafnrétti
- Jafnrétti er ekki bara kvennamál
- Jafnrétti er fyrir alla
- Allir eiga að hafa jafna möguleika á að nýta hæfileika sína

Markmiðið var að ná til viðskipavina Borgarbókasafnsins og koma til þeirra þessum jafnréttisskilaboðum. Borgarbókasafnið í Grófinni varð fyrir valinu þar sem það er bæði stórt og miðsvæðis. Hugmyndin var að velja bækur sem væru vinsælar svo að lesendur myndu örugglega finna skilaboðin. Í anda skærulistar var ekki fengið leyfi til að stinga póstkortunum inn í bækurnar og tók Ragnar það að sér að hringja í Borgarbókasafnið til að spyrjast fyrir um það hvaða bækur væru vinsælastar til útláns. Honum brá í brún þegar símsvari svaraði og tilkynnti að símtalið væri hljóðritað en lét það ekki stoppa sig og fékk samband við upplýsingaborð safnsins sem hafði takmarkaðar upplýsingar að veita um tölfraði útlána. Þetta atvik sýnir að aðgerðirnar eru sjaldnast hættulausar enda gerðar í leyfisleysi og gætu haft í för með sér einhverjar afleiðingar.

Þegar á bókasafnið kom skipti hópurinn liði svo þau væru ekki eins áberandi. Þau völdu bækur og tímarit sem pössuðu sem best við skilaboðin á kortunum. Til dæmis voru skilaboðin „allir eiga að hafa jafna möguleika á að nýta hæfileika sína“ sett inn í eintak af Nýju lífi með innliti á vinnustofu og viðtali við íslenska listakonu. Enginn gerði athugasemdir við hópinn á safninu sem stakk um 40 póstkortum inn í bækur og tímarit. Illmögulegt er fyrir rannsakendur að fylgjast með viðtökum og afdrifum póstkortanna. Þó að á þeim væru myllumerkin #jafnréttifyriralla og #equalityforall fundu rannsakendur engar tilvísanir í póstkortin á samfélagsmiðlum.


Ferðadagbækur

Eftir aðgerðirnar á bókasafninu ákvað hópurinn að hanna ferðadagbækur og vonaðist til þess að bækurnar myndu ferðast á milli fólks og staða. Þær innihéldu leiðbeiningar á íslensku og ensku um það hvað ætti að gera við þær. Utan á bókunum stóð: „opnaðu mig“ og „open me“ og inni í bókunum voru leiðbeiningar um að viðkomandi mættu skrifa skilboð, teikna, semja ljóð eða hvað sem þeim dytti í hug þegar þau heyrðu eða sæju hugtakið jafnrétti:

Skrifaðu skilaboð, teiknaðu, semdu ljóð eða hvað sem er sem þér dettur í hug, þegar þú heyrir eða sérð orðið jafnrétti ... Þegar þú ert búin/n, taktu bókina með þér og skildu hana eftir fyrir einhvern annan að finna ... Taktu mynd og notaðu myllumerkin #jafnréttifyriralla og #equalityforall svo hægt sé að fylgjast með ferðalagi bókarinnar.

Mikil vinna var lögð í að hanna frumlegar og flottar bækur sem myndu vekja áhuga og forvitni. Gísli og Ragnar fóru með bækurnar á ýmsa staði, eins og BSÍ, Hörpu, sundlaugarnar, í strætó, ráðhúsið, kaffihús, biðstofur, hótél og hostel. Fyrsta bókin var skilin eftir á BSÍ og daginn eftir fóru þeir með Hörpu og aðstoðarmanni Gísla á KEX hostel til að skilja aðra bók eftir. Það fyrsta sem þau sáu þar var BSÍ-bókin frá deginum áður. Þannig fengu þau sína fyrstu staðfestingu á að bækurnar væru lagðar af stað í ferðalag.

Með því að hvetja fólk til að nota myllumerkin #jafnréttifyriralla og #equalityforall var hægt að fylgjast með bókunum á samfélagsmiðlunum og skrá viðtökusögu þeirra. Mynd 5 birtist á Instagram, en írskur ferðamaður hafði fundið bókina í Hörpu.



Mynd 5. Ferðadagbók á Instagram. Mynd úr einkasafni.

Textinn sem fylgdi myndunum hljóðaði svo:

Found this on a coffee table in Harpa. It was a #diy #feminist #humanist #equalityforall zine that you were encouraged to add to however you wished. I was the second person to find it evidently. The person before was american and chose to discuss the fight for equal pay there. I chose to address the fight for equal rights to our bodies and minds in Ireland reading #abortionrights #repealthe8th Really cool to see people do things like this, even if it does get tossed by the concert halls cleaner tomorrow it gets people thinking and talking #art #crafts #poetry #feminism #grrrrl #iceland #harpa #reykjavik


Írski ferðamaðurinn ákvað að fjalla um lög um fóstureyðingar á Írlandi, en hún heldur því fram að ófædd börn hafi þar meiri rétt en ófrískar konur. Lög á Írlandi um fóstureyðingar eru eldri en ljósaperan og þess vegna teiknaði hún einmitt ljósaperu í bókina. Á Instagram heldur hún því fram að þó að húsvörðurinn í Hörpu muni líklega henda bókinni í ruslið, þá hafi bókin fengið þá sem hana sáu og lásu til að hugsa og tala saman. Með því að fylgjast með ferðadagbókunum á samfélagmiðlum gátum við safnað upplýsingum um það sem fólk skrifaði í bækurnar og hvaða merkingu það lagði í hugtakið jafnrétti. Helsti lærdómurinn af ferðadagbókunum er sá ólíki skilningur sem fólk leggur í hugtakið jafnrétti.

Veggspjöld

Þriðju aðgerðirnar voru hönnun á veggspjöldum sem höfðu þann tilgang að ögra ríkjandi hugmyndum um jafnrétti og forréttindi og voru þau hengd upp víðsvegar í miðbæ Reykjavíkur. Þetta voru tvenns konar veggspjöld. Annað þeirra var með alþjóðlega umferðarmerkinu STOP og var það valið til að ná athygli fólks. Á veggspjöldunum, sem voru í stærðinni A3, stóð STOP injustice, STOP discrimination, STOP prejudice og STOP violence (sjá mynd 6).

Ákveðið var að hafa veggspjöldin á ensku til að ná einnig til þeirra fjölmörgu erlendu ferðamanna sem heimsóttu Reykjavík sumarið 2016. Á hinu veggspjaldinu stóð með svörtum stöfum „Take what you need“ eða taktu það sem þú þarft, og á spjaldinu voru síðan miðar til að rífa af með orðum eins og frelsi, ást, jafnrétti, þolinmæði, friður og hamingja. Öll hugtökin voru jákvæð og vegfarandans var valið. Hópurinn hefur notað plakötin víða að sumri loknu, til dæmis á fötlunarfræðiráðstefnu í Lancaster, Jafnréttisdögum HÍ og á grasrótahátíðinni Truflandi tilvist.

Skærulistinni lauk á Hinsegin dögum í Reykjavík og tók hópurinn þátt í Gleðigöngunni og hátíðarhöldunum og dreifði póstkortum með jafnréttisskilaboðum. Í göngunni staðfesta hinsegin einstaklingar tilveru sína, öllum hlutverkum og gildum er snúið á hvolf og þátttakendur verða frjálsir undan oki ríkjandi menningar í karnivalískri gleði (Kristín Björnsdóttir og Jón Ingvar Kjaran,



Mynd 6. Veggspjöldin á Instagram. Mynd úr einkasafni.

2011). Þennan lokadag Hinsegin daga skapast öruggt rými fyrir ólíkar raddir þar sem allir eru öðruvísi og hinsegin og því tilvalinn vettvangur til að ljúka sumri skærulistar. Enginn vissi hvaða hópur þetta var sem gekk á milli fólks og boðaði jafnrétti fyrir alla.

Framlag til jafnréttisstarfs og fræðasamfélags

Eins og fram hefur komið hefur fólk með þroskahömlun ekki greiðan aðgang að fræðasamfélaginu, skrifum og ráðstefnum. Stærsta hindrunin virðist vera það tungumál sem fræðimenn nota til að miðla þekkingu sinni, en það er kennt og lært í háskólum. Háskólanám er skipulagt og í boði fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi en umgjörð námsins er fötluðu fólki oft og tíðum hindrun, enda sækir fatlað fólk ekki í háskólanám í sama hlutfalli og ófatlað fólk (Hutcheon og Wobring, 2012). Því hefur verið haldið fram að innan háskóla séu neikvæð og fordómfull viðhorf sem beinast gegn fötluðum nemendum, óaðgengilegar byggingar og útilokandi kennsluáðferðir ásamt því að stuðningskerfi skólana sé takmarkað. Það verði síðan til þess að fatlaðir nemendur hverfi frá námi (Gibson, 2012; Hutcheon og Wolbring, 2012; Liasidou, 2014).

Skólakerfið í heild sinni er hannað fyrir ófatlaða nemendur og þeirra þarfir enda ríkir þar ableismi. Hugtakið vísar til þeirra hugmynda að samfélagið og stofnanir þess miðist eingöngu eða fyrst og fremst við ófatlað fólk og þarfir þess og væntingar. Litið er á fötlun sem neikvætt ástand þar sem líkamlegar og andlegar skerðingar muni alltaf leiða til hindrana eða erfiðleika í lífi fólks (Campbell, 2010; Goodley, 2014). Ableismi veldur jaðarsetningu fatlaðs fólks og birtist meðal annars í því að minni væntingar eru gerðar til fatlaðra nemenda, stuðningur er staðlaður og ætlast er til að fatlaðir nemendur geri allt eins, með sömu aðferðum og á sama hraða og ófatlaðir nemendur (Goodley, 2014; Kristín Björnsdóttir, 2014) eða, með öðrum orðum, séu lagaðir sem best að skólaumhverfinu í stað þess að þörfum þeirra sé mætt og námið lagað að þeim. Í skólakerfinu, og þá sérstaklega á efri skólastigum, ríkir vitsmunahyggi eða kognitívur ableismi, þ.e. neikvæð viðhorf gagnvart þeim sem taldir eru búa yfir minni vitsmunagetu og upphafning þeirra sem skilgreindir eru gáfaðir eða klárir (Carlson, 2001). Þessi sýn hefur orðið til þess að fatlaðir nemendur, og þá sérstaklega þeir sem eru skilgreindir með þroskahömlun, hafa verið útilokaðir frá almennu skólastarfi. Þannig hefur fólk með þroskahömlun ekki haft aðgang að almennum námskrám og þekkingu til jafns við aðra (Kristín Björnsdóttir, 2017). Gísl og Ragnar brautskráðust úr starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun árið 2013 og tilheyra fámennum hópi fólks með þroskahömlun sem hefur sótt nám án aðgreiningar í háskóla. Það var að hluta til í gegnum námið sem þeir fengu áhuga á jafnréttismálum, en Kristín sóttist sérstaklega eftir samstarfi við þá þar sem þeir höfðu lokið þessu námi.

Vitsmunahyggja og ableismi er ekki eingöngu ríkjandi í skólakerfinu því slík viðhorf eru einnig áberandi innan fræðasamfélagsins þar sem foreldrar og sérfræðingar eru oftast spurðir álits í stað þess að svara sé leitað hjá fólki með þroskahömlun sjálfu um líf þess og upplifun. Algengt er að ráðstefnur sem fjalla um málefni fólks með þroskahömlun séu þannig skipulagðar að þær séu ekki aðgengilegar, með löngum, flóknum og fræðilegum fyrirlestrum, og meginreglan sú að sérfræðingar tali um og fyrir hönd fólks með þroskahömlun. Dæmi um þetta eru vornámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar Ríkisins þar sem meirihluti fyrirlesara er fagfólk (<https://goo.gl/rkHVXk>), ráðstefnur Nordic Network for Disability Research þar sem fræðimenn eru yfirleitt einir að lýsa samstarfi sínu við fólk með þroskahömlun (<https://goo.gl/rMBOlo>) og málþing sveitarfélaga um nemendur með sérþarfir þar sem fulltrúi nemenda er ófatlaður og nýtir ekki þau sérúrræði sem til umræðu eru (<https://goo.gl/LAU3EP>).

Eins og fram hefur komið er fólk með þroskahömlun einnig jaðarsett innan hagsmunabaráttu fatlaðs fólks, en þar ríkir stigveldi þar sem geðfatlanir og þroskahamlanir eru neðst í veldisstigunum (Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson, 2015). Rannsóknarhópurinn hefur fundið fyrir þessum hindrunum og viðhorfum, bæði innan fræðasamfélagsins og hagsmunabaráttunnar. Það er frekar leitað eftir áliti Kristínar en Gísla og Ragnars og hagsmunafélög fatlaðs fólks hafa sýnt verkefninu takmarkaðan áhuga. Skærulistin var því valdeflandi á þann hátt að Gísli og Ragnar gátu stundað aktivisma á eigin forsendum, skapað eitthvað, vakið fólk til umhugsunar, án þess að þurfa að laga sig að gamaldags og útilokandi fræðasamfélagi og hagsmunasamtökum. Því hefur verið haldið fram að þátttaka í samvinnurannsókn eigi að vera valdeflandi (Walmsley og Johnson, 2003). Það er hins vegar varhugavert að halda því fram að skærulistin sem aðferð eða Kristín sem doktor í fötlnarfræðum hafi með færni sinni í þessum rannsóknaraðferðum valdeflt Gísla og Ragnar. En við erum sammála um að þær aðstæður sem sköpuðust í rannsóknarvinnunni og skærulistinni geti verið valdeflandi og að þær hafi gert Gísla og Ragnari kleift að leggja jafnréttisbáttunni lið á árangursríkan hátt.

Í upphafi skæruaðgerðanna var áhersla lögð á kynjajafnrétti, enda var tilgangurinn að upplýsa karla með þroskahömlun um jafnrétti kynjanna og að það væri ekki eingöngu „kvennamál“, og um leið að finna árangursríkar leiðir til að virkja þá til þátttöku. Skærulistin þróaðist hins vegar þannig að jafnréttishugtakið var víkkað út og fór að snúast meira um margbreytileika samfélagsins og mannréttindi. Þorgerður H. Þorvaldsdóttir (2014) hefur rannsakað útvíkkun jafnréttishugtaksins og heldur því fram að þó að jafnréttisstarf og umræðan um jafnrétti á Íslandi hafi fyrst og fremst snúist um kynjajafnrétti, þá megi greina aukna áherslu undanfarin misseri á útvíkkun jafnréttisstarfs og að það sé bæði óhjákvæmilegt og æskilegt. Þessari umræðu hefur fylgt togstreita og virðast ekki allir á eitt sáttir um áherslubreytingarnar. Þorgerður kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „kynjajafnrétti verði ekki að fullu náð nema jafnframt sé tekið á öðru misrétti sem rekja má til þátta sem eru samtengdir kyngervi, svo sem stéttar, kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs og fötlunar, á öllum sviðum samfélagsins“ (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2014). Þess má geta að Jafnréttisstofa, sem annast stjórnyslu á sviði jafnréttismála á Íslandi, fjallar eingöngu um kynjajafnrétti (Jafnréttisstofa, e.d.).

Franski heimspekingurinn Michel de Certeau (1984) gerir greinarmun á stað (e. *place*) og rými (e. *space*). Ríkjandi hópar samfélagsins nýta stjórnlist (e. *strategies*) til að skipuleggja staði þar sem ríkir röð, regla og stöðugleiki. Dæmi um stað er Háskóli Íslands og byggingar hans sem hýsa kennslu- og rannsóknarstofur, svið, deildir og námsbrautir sem stýrt er af starfsfólki, reglugerðum og lögum. Strangar reglur ríkja um hverjir mega taka þátt í starfi skólans, þ.e. þeir sem skilgreindir eru gáfaðir eða klárir og hafa staðist fyrirfram gefnar forsendur sem oftast eru stúdentspróf. Annað dæmi um stað er miðbær Reykjavíkur þar sem Gísli og Ragnar sköpuðu skæruлист. Þar eru byggingar, götur, gangstéttir og gangbrautir og samkvæmt lögum og reglum á að ganga eftir gangstéttunum og fara yfir götur á gangbrautum. De Certeau (1984) kallaði það aðferð (e. *tactic*) þegar ekki er farið eftir settum reglum og staðirnir notaðir „vitlaust“ eða ekki eins og ætlast er til. Dæmi um slíka aðferð er að ganga á götunni í stað gangstéttarinnar. Með skærulistinni sköpuðu Gísli og Ragnar sitt eigið rými (e. *space*) þar sem þeir höfðu skilgreiningarvaldið og með því að skilja eftir falin skilaboð, ferðadagbækur og veggspjöld á opinberum stöðum trufluðu þeir ríkjandi ástand. Í stað þess að ganga óhindraðir á gangstéttinni staldra vegfarendur við ljósastaurinn til að skoða veggspjaldið og velta fyrir sér hvað það sé sem þeir þarfnast (take what you need), velja sér, rífa miðann af, taka mynd og deila með öllum heiminum á samfélagsmiðlum. Þeir Gísli og Ragnar trufla með því að krefjast jafnréttis fyrir alla og spyrja fyrir hvern þessi staður sé. Hverjir

eru velkomnir? Hverjir eru þátttakendur? Hverjir eru jafnir? Miðbærinn breyttist úr stað og varð þeirra rými, þ.e. vettvangur jafnréttisbaráttunnar.

Með þessum greinarskrifum höfum við einnig skapað okkur rými innan fræðasamfélagsins þar sem framlag einstaklinga með þroskahömlun er viðurkennt og metið að verðleikum. Með skærulistinni trufluðu Gísli og Ragnar vegfarendur Reykjavíkur þegar þeir kröfðust jafnréttis en með greinarskrifunum truflum við vonandi fræðasamfélagið. Við erum að nota staðinn, ableíska fræðasamfélagið, „vitlaust“ með því að skrifa í samvinnu sem meðhöfundar í stað þess að Kristín skrifi um ónafngreinda skærulistamenn með þroskahömlun. Með þessari aðferð (e. *tactic*) náum við vonandi að sýna fram á að fólk með þroskahömlun getur tekið þátt í fræðastarfi fái það viðeigandi stuðning og tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Lokaorð

Við viljum enda þessa grein á því að hvetja lesendur til að taka þátt í að trufla ríkjandi ástand samfélagsins og krefjast jafnréttis fyrir alla. Þó að aðgerðir Gísla og Ragnars hafi ekki verið ólöglegar, þá voru þær framkvæmdar í leyfisleysi og það gerði þær spennandi og ánægjulegar. Með öðrum orðum, þá fannst þeim jafnréttisbarátta í anda skærulistar skemmtileg. Það var gagnlegt að geta fylgst með viðtökunum á samfélagsmiðlunum og átt þannig samtál við vegfarendur sem urðu virkir þátttakendur í listsköpuninni og baráttunni með því að skrifa í ferðadagbækurnar og með því að deila upplifun sinni á samfélagsmiðlum.

Gísli og Ragnar tilheyrja hópi fólks sem hefur í sögulegu samhengi verið markvisst útilokaður frá samfélaginu og mikilvægt er að þeir og samstarfsfólk þeirra geri sér grein fyrir áhættunni sem felst í því að stíga fram sem aktivistar og fræðimenn. Andóf og róttækar aðgerðir geta haft þær afleiðingar að viðkomandi missi aðstoð eða stuðning sem nauðsynlegur er í daglegu lífi. Nafnleyndin sem ríkti meðan á aðgerðunum stóð veitti þeim hins vegar ákveðið frelsi til að hafa róttækar skoðanir og gera hvað sem þeim hugnaðist í nafni jafnréttis.

Það er ómögulegt að fanga þá upplifun sem felst í listsköpun, ádeilu og leynd í stuttri fræðigrein, enda smættir það framlag Gísla og Ragnars til jafnréttisstarfs. Hins vegar höfum við ákveðnar skyldur þar sem verkefnið hefur verið styrkt af rannsóknarsjóðum og eru greinarskrif líklega „rétt“ viðbrögð við slíkum kröfum og skyldum.

Þakkir

Verkefnið er styrkt af Jafnréttissjóði og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og nýtur einnig stuðnings Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Heimildir

- Abler. (e.d.). About Sara Hendren. Sótt af <https://ablersite.org/about/>
- Aspis, S. (1997). Self advocacy for people with learning difficulties: Does it have a future? *Disability & Society*, 12(4), 647–654.
- Átak. (e.d.). Átak, félag fólks með þroskahömlun. Sótt af <http://www.lesa.is/>
- Birgir Þór Harðarson. (2017, 7. ágúst). Hvað gerist þegar ég like-a á Facebook? Við höfum öll gert það, en hvað gerist eiginlega þegar ég smelli á “like”? Kjarninn. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/2017-08-03-hvad-gerist-thegar-eg-facebook/>
- Brownridge, D. A. (2009). *Violence against women: Vulnerable populations*. New York: Routledge.
- Campbell, F. K. (2010). *Counters of ableism: The production of disability and abledness*. New York: Palgrave MacMillan.
- Carlson, L. (2001). Cognitive ableism and disability studies: Feminist reflections on the history of mental retardation. *Hypatia*, 16(4), 124.
- Charlton, J. I. (2000). *Nothing about us without us: Disability oppression and empowerment*. Berkeley: University of California Press.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Berkeley: University of California Press.
- Connell, R. W. og Messerchmidt, J. W. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender and Society*, 19(6), 829–859.
- de Certeau, M. (1984). *The Practice of everyday life*. Berkeley: University of California Press.
- Eiríkur Þorláksson. (2013). Fötlun og myndlist. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi* (bls. 279–304). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.
- Gibson, S. (2012). Narrative accounts of university education: Socio-cultural perspectives of students with disabilities. *Disability & Society*, 27(3), 353-369. doi:10.1080/09687599.2012.654987
- Goodley, D. (2000). *Self-advocacy in the lives of people with learning disabilities*. Buckingham: Open University Press.
- Goodley, D. (2014). *Dis/ability studies: Theorising disablism and ableism*. Milton Park: Routledge.
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2010). Samvinnurannsóknir með fólki með þroskahömlun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/007/index.htm>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir. (2013). Fötlunarlist. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi* (bls. 305–330). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.
- Harris, J. (2011). Guerilla art, social value and absent heritage fabric. *International Journal of Heritage Studies*, 17(3), 214–229. doi:10.1080/13527258.2010.535212
- Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2015). *Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum: Stutt skýrsla um helstu niðurstöður rannsóknarinnar*. Reykjavík: Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands.
- Hutcheon, E. J. og Wolbring, G. (2012). Voices of disabled post secondary students: Examining higher education 'disability' policy using an ableism lens. *Journal of Diversity Higher Education*, 5(1), 39–49. doi:10.1037/a0027002

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Jafnréttisstofa. (e.d.). *Starfsfólk*. Sótt af <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=60>

Jón Ingvar Kjaran. (2015). 'Flaming gays' and 'one of the boys'? White middle-class boys, queer sexualities and gender in Icelandic high schools. Í E. Renold, J. Ringrose og R. D. Egan (ritstjórar), *Children, sexuality and sexualization* (bls. 209–223). Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“ *Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla*. Í Stefanía Óskarsdóttir (ritstjóri), Rannsóknir í félagsvísindum XIV (bls. 1–9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Jørgenson, M. (2006). *Tank Blanket* [ljósmynd]. Sótt af http://content.time.com/time/photogallery/0,29307,2077071_2283023,00.html

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir. (2012). *Hvað er að þessari Hörpu?* [ljósmynd]. Úr einkasafni.

Kristín Björnsdóttir. (2009). *Resisting the reflection: Social participation of young adults with intellectual disabilities* (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Kristín Björnsdóttir. (2014). Ég fékk engan stuðning í skólanum: Fötlun, kyngervi og stétt. Í Annadís G. Rúdólfsson, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Fléttur III: jafnrétti, menning, samfélag* (bls. 233–257). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kristín Björnsdóttir. (2017). Belonging to higher education: Inclusive education for students with intellectual disabilities. *European Journal of Special Needs Education*, 32(1), 125–136. doi:10.1080/08856257.2016.1254968

Kristín Björnsdóttir og Aileen Soffía Svendsdóttir. (2008). Gambling for capital: Learning disability, inclusive research and collaborative life histories. *British Journal of Learning Disabilities*, 36(4), 263–270.

Kristín Björnsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir. (2017). People with intellectual disabilities negotiate autonomy. *Gender and Sexuality*, 35(3), 295–311. <https://doi.org/10.1007/s11195-017-9492-x>

Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2009). People with intellectual disabilities in Iceland: A Bourdieuean interpretation of self-advocacy. *Intellectual and Developmental Disabilities*, 47(6), 436–446.

Kristín Björnsdóttir og Jón Ingvar Kjaran. (2011). „Lokaskref í að vera alveg sama“ Margröddunin í gleðigöngunni. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Stjórn málafræðideild* (bls. 92–99). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (2010). Stuck in the land of disability? The intersection of learning difficulties, class, gender and religion. *Disability and Society*, 25(1), 49–62. doi:10.1080/09687590903363340

Kristín Björnsdóttir og Steindór Jónsson. (2015). Social (in)equality: Collaborative reflection. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 99–118.

Liasidou, A. (2014). Critical disability studies and socially just change in higher education. *British Journal of Special Education*, 41(2), 120–135. doi:10.1111/1467-8578.12063

Margrét M. Norðdahl. (2014). „Af því að ég elska myndlist“ *Eigindleg rannsókn á stöðu listafólks með þroskahömlun* (óútgefin meistaritgerð). Listaháskóli Íslands, Reykjavík.

Ortner, C. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í N. Z. Rossaldo og L. Lamphere (ritstjórar), *Women culture and society* (bls. 67–87). Stanford: Stanford University Press.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2007). Sótt af <http://www.velferðarráðuneyti.is/utgefing/efni/utgafa/nr/3496>

Smit, C. R. (2013). Aesthetic advocacy: An interview with designer and scholar sara hendren. *Journal of Visual Art Practice*, 12(3), 319–327. doi:10.1080/14702029.2013.10820085

The Accessible Icon Project. (e.d.a.). *The Accessible icon* [ljósmynd]. Sótt af <http://accessibleicon.org/>

The Accessible Icon Project. (e.d.b.). *The Accessible icon project*. Sótt af <http://accessibleicon.org/>

Velferðarráðuneytið. (2013). *Karlar og jafnrétti: Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum*. Sótt af <https://goo.gl/Gb7oNq>

Walmsley, J. (2002). Principles and types of advocacy. Í B. Gray og R. Jackson (ritstjórar.), *Advocacy & learning disability* (bls. 24–37). London: Kingsley.

Walmsley, J. og Johnson, K. (2003). *Inclusive research with people with learning disabilities: Past, present, and futures*. London: Kingsley.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsing eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild* (bls. 445–456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. (2014). Jafnrétti fyrir alla: Eitt markmið, ólíkar leiðir. Í Annadís G. Rúdólfsson, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Fléttur III: jafnrétti, menning, samfélag* (bls. 285–309). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Um höfunda

Gísli Björnsson (gislib@hi.is) er verkefnastjóri á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann lauk starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun frá Háskóla Íslands árið 2013. Gísli er einn af Sendiherrum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þeir annast kynningu á samningnum, ferðast um landið og vinna einnig með réttindagæslumönnum fatlaðs fólks.

Harpa Björnsdóttir (harpabj@hi.is) er verkefnastjóri starfstengds diplómunáms fyrir fólk með þroskahömlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk námi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands vorið 2012. Harpa hefur viðtæka reynslu af starfi með fötluðu fólki, en hún starfaði við kaffihúsið GÆS, hjá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, og sem verkefnastjóri Sendiherranna. Harpa hefur tekið þátt í ýmsum listviðburðum.

Kristín Björnsdóttir (kbjorns@hi.is) er dósent í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands 2009. Rannsóknir Kristínar hafa einkum beinst að skólagöngu og samfélagsþátttöku fólks með þroskahömlun og samspili menningar, kyngervis og fötlunar.

Ragnar Smáráson (ragnars@hi.is) er verkefnastjóri á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann lauk starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun frá Háskóla Íslands árið 2013. Ragnar hefur einnig starfað hjá Örva og við Héraðsskjalasafn Kópavogs.

Efnisorð

Jafnrétti, aktivismi, skærulist, fötlun

About the authors

Gísli Björnsson (gislib@hi.is) is a project manager at the University of Iceland's School of Education. He works on the project Equality for all and graduated from the vocational diploma program for people with intellectual disabilities at the University of Iceland in 2013. Gísli is a member of the Ambassadors of the CRPD and takes part in traveling around Iceland presenting and introducing the convention.

Harpa Björnsdóttir (harpabj@hi.is) is a project manager at the University of Iceland's School of Education and supervises the vocational diploma program for students with intellectual disabilities. She studied product design at the Iceland Academy of the Arts and graduated in 2012. Harpa has much experience working with disabled people; she has worked for Átak the people's first organization and the Ambassadors. Harpa has also taken part in various art projects and exhibitions.

Kristín Björnsdóttir (kbjorns@hi.is) is an associate professor of disability studies at the University of Iceland, School of education. She earned her Ph.D. in 2009 in disability studies from the University of Iceland. Kristín's research interests includes inclusive education and society and the interplay of disability, gender and culture.

Ragnar Smárason (ragnars@hi.is) is a project manager at the University of Iceland's School of Education. He works on the project Equality for all and graduated from the vocational diploma program for people with intellectual disabilities at the University of Iceland in 2013. Ragnar also works for Örvi and Kópavogur Municipal Archives.

Key words

Equality, activism, guerilla art, disability



Gísli Björnsson, Harpa Björnsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Ragnar Smárason. (2017).
Skærulist í þágu jafnréttis? Framlag karla með þroskahömlun til jafnréttisstarfa
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/11>